

## Bókun Framsóknar og frjálsra vegna fjárhagsáætlunar Akraneskaupstaðar fyrir árið 2025

Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra hafa ítrekað lýst yfir áhyggjum sínum vegna vinnubragða meirihluta Sjálfstæðisfloks og Samfylkingar við gerð fjárhagsáætlunar. Vinnubrögð sem fyrst og fremst hafa einkennst af andvaraleysi gagnvart alvarlegri stöðu bæjarsjóðs.

Á þessu kjörtímabili hafa bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra ítrekað bent á mikilvægi þess að unnið sé að aðgerðum til að ná fram viðsnúningi á rekstri sveitarfélagsins og stuðla að sjálfbærni í rekstri kaupstaðarins.

Árið 2021 ákvað þáverandi bæjarstjórn að fara í úttekt á rekstri og stjórnsýslu kaupstaðarins með aðstoð KPMG, með það að markmiði að stuðla að sjálfbærni í rekstri bæjarfélagsins. Þar sem sveitarstjórnarkosningar voru framundan var ákveðið að hefja ekki vinnu við fjárhagslega markmiðasetningu heldur skyldi það verða fyrsta verkefni nýrrar bæjarstjórnar.

Á fyrsta starfsári núverandi bæjarstjórnar kölluðu bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra eftir því að endurtekja þá umræðu að nýju. Á þeim tímapunkti ætti öllum að hafa verið ljóst að áherslur meirihlutans voru og eru ekki sjálfbærar til framtíðar.

Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra hafa verið óþreytandi við að halda þessu máli á lofti, m.a. í bókununum við afgreiðslu fjárhagsáætlana 2022 og 2023 sem og í umræðum um fjármálsveitarfélagsins hér í þessum sal. Það kvíknaði því ákveðin von þegar meirihlutinn féllst á þau sjónarmið okkar og hóf að nýju vinnu við markmiðasetningu til framtíðar. Hins vegar voru vonbrigðin mikil þegar meirihlutinn tók svo þá ákvörðun að þetta yrði ekki hluti af vinnu við þá fjárhagsáætlun sem er til afgreiðslu hér í dag.

Enn og aftur ætlar meirihluti Sjálfstæðisfloks og Samfylkingar einfaldlega að skila auðu þegar kemur að fjármálum sveitarfélagsins.

Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra hvetja, líkt og síðustu tvö ár, meirihluta Sjálfstæðisfloks og Samfylkingar til að vinna áfram að þeim aðgerðum sem lagður var grunnur að með úttekt KPMG árið 2021. Stefna, eða öllu heldur stefnuleysi, meirihlutans á þessu kjörtímabili krefst gagnerar endurskoðunar.

Sjálfbærni í rekstri bæjarfélagsins er grundvallaratriði til að tryggja stöðugleika og velferð íbúa. Það er nauðsynlegt að bæjarstjórn taki ábyrgð á fjármálum bæjarins og vinni markvisst

að því að bæta rekstrargrundvöllinn. Úttekt KPMG var mikilvægur liður í þessu ferli og gaf góðar vísbendingar um hvernig mætti bæta rekstur og stjórnsýslu kaupstaðarins.

Það er ljóst að bæjarfélagið stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum þegar kemur að fjármálum. Hins vegar eru einnig fjölmög tækifæri til að bæta rekstur og auka sjálfbærni. Með markvissri vinnu og skýrri stefnumótun er hægt að ná fram verulegum árangri. Það er því mikilvægt að bæjarstjórn taki höndum saman og vinni að sameiginlegum markmiðum um bættan rekstur og aukna sjálfbærni. Við höfum sagt það áður og ítrekum það hér enn og aftur að það mun ekki standa á okkur, við erum til í slaginn.

Með sameiginlegu átaki er hægt að tryggja sjálfbæran rekstur bæjarfélagsins og bæta þar með lífsgæði íbúa Akraneskaupstaðar.

Undir þetta skrifa:

Ragnar B. Sæmundsson (sign)

Ragnar Sæmundsson

Liv Åse Skarstad (sign)

liv åse skarstad

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir (sign)

Sædis Alexia Sigurmundsdott.